

Langanesbyggð
Fjarðarvegi 3
680 Þórshöfn



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri, 27. janúar 2014
Tilvísun: UST20131100067/gsá

Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf, dagsett 20. desember 2013, þar sem áformað var að áminna **urðunarstað sveitarfélagsins Langanesbyggðar að Bakkafirði**, vegna tveggja frávíka frá starfsleyfi sem fram komu við reglubundið eftirlit þann 14. ágúst sl. Eru frávikin eftirfarandi:

- Spilliefni voru geymd á staðnum, að hluta til í opnum körum. Um er að ræða frávik frá grein 1. í starfsleyfi þar sem segir að leyfið gildi fyrir meðhöndlun allt að 200 tonna af neyslu- og rekstrarúrgangi á ári. Ekki er heimilt að taka við og geyma spilliefni nema á gámavöllum sem til þess hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða í spilliefnamóttökum sem hafa starfsleyfi Umhverfisstofnunar. Þá er óheimilt að geyma spilliefni óvarin og utandyra þannig að þau liggi í vatni og geti mengað jarðveg í kring.
- Nokkuð var um fokefni á svæðinu, sem er frávik frá grein 1.3 í starfsleyfi. Þar segir að berist óeðlilega mikil mengun frá svæðinu skuli komið í veg fyrir útbreiðslu og að rekstraraðila beri að hreinsa þá mengun sem kann að verða við óhöpp eða önnur atvik, á sinn kostnað.

Í bréfinu frá 20. desember sl. óskaði Umhverfisstofnun eftir tímasettri áætlun rekstraraðila um úrbætur á þessum frávikum og var farið fram á að áætlunin bærist stofnuninni eigi síðar en **15. janúar 2014**.

Umhverfisstofnun hefur enn ekki hefur borist umrædd áætlun né staðfesting á því úrbótum á ofangreindum frávikum sé lokið. Stofnunin veitir því urðunarstað sveitarfélagsins Langanesbyggðar að Bakkafirði, áminningu, sbr. 2.mgr. 48. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs. Umhverfisstofnun veitir urðunarstað sveitarfélagsins Langanesbyggðar að Bakkafirði frest til að senda inn áætlun um úrbætur til og með **11. febrúar 2014**.

Sinni urðunarstaður sveitarfélagsins Langanesbyggðar að Bakkafirði ekki tilmælum Umhverfisstofnunar innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að upphæð 500.000 kr á dag þar til úr er bætt, sbr. 2. mgr. 44. gr. reglugerðar nr. 739/2003.


Umhverfisstofnun bendir á að skv. 49. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs er heimilt að vísa ágreiningi um ákvarðanir yfirvalda til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 4. gr. laga nr. 130/2011. Skal kæran borin fram við nefndina innan eins mánaðar frá því að ákvörðun þessi berst rekstraraðila í hendur skv. 1. gr. laganna. Aðsetur nefndarinnar er að Skúlagötu 21, 101 Reykjavík.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á 1. gr. gjaldskrár Umhverfisstofnunar nr. 261/2012, þar sem segir að stofnunin innheimti gjald fyrir útselda vinnu sérfræðings við verkefni og þjónustu sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og sem heimilt er að taka gjald fyrir. Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá.

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa samband við G. Stellu Árnadóttur í síma 591-2000 eða með tölvupósti á gstella@ust.is.

Gögnum og staðfestingu á úrbótum skal skila til Umhverfisstofnunar eða í tölvupósti á opinbert netfang stofnunarinnar, ust@ust.is.

Virðingarfyllst


Sigrún Agústs dóttir
Sviðsstjóri



Guðbjörg Stella Árnadóttir
Sérfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlands

